

Jóhann Gunnarsson:
Félag eldri borgara í Hveragerði
aðdragandi og upphaf.

Að kínversku tímatali var árið 1982 ár hundsins. Á Íslandi var þá haldið hátíðlegt ár aldraðra. Alþingi Íslendinga samþykkti meðal annars lög um málefni aldraðra, og sveitarstjórnir beindu sjónum að velferð þessa hóps og þjónustu við hann.

Vakningin náði jafnvel hingað í Hveragerðishrepp. Á fundi sínum 20. júlí 1982 kaus nýkjörin hreppsnefnd „3 manna nefnd í tilefni árs aldraðra 1982“, eins og segir stutt og laggott í fundargerðarbók. Þessi voru kosin: Alda Andrésdóttir, Jóhann Þorvaldsson, Hulda Sveinsdóttir.

Í fundargerð hreppsnefndar frá 14. september sama ár segir undir liðnum Önnur mál:

„Alda gerði grein fyrir starfsemi nefndar sem kosin var í tilefni af ári aldraðra. Nefndin stefnir að því að halda mánaðarlega kvöldvökur, til áramóta, fyrir ellilífeyrisþega búsetta í Hveragerði. Hreppsnefnd samþykkir samhljóða.“

Þetta er eina skriflega heimildin sem fundist hefur um starf nefndarinnar. Í minnisblaði úr fórum Félags eldri borgara, óundirrituðu, en dagsettu 31.10. 1984, sem sterkar líkur eru á að Jóhann Þorvaldsson hafi ritað fyrir eftirmann sinn í gjaldkera-
stöðu félagsins, eru sömu nöfn nefnd. Hvergi er þar getið Laufeyjar Valdimarsdóttur, sem kveðst hafa starfað í nefndinni frá upphafi. Kom henni mjög á óvart að hennar skyldi ekki getið í tilvitnaðri fundargerð. Að sögn Laufeyjar tók Hulda Sveinsdóttir ekki þátt í starfi nefndarinnar. Líklegast er að Hulda hafi hafnað kosningu, og Laufey hafi þá verið tilnefnd í hennar stað án þess að það væri fært til bókar hjá hreppnum. Jóhann mun hinsvegar hafa falið Lovísu Guðmundsdóttur, konu sinni og hreppsnefndarmanni, að starfa í nefndinni með Laufeyju og Öldu.

Allavega voru haldnar kvöldvökur eða „opin hús“, þrisvar haustið 1982. Nefndin hefur einnig augljóslega rætt stofnun félags til að taka við og halda uppi félagsstarfi fyrir aldraða. Í minnisblaðinu frá 31.10. 1984 er greint frá því að til hafi staðið að Ragnar Gunnsteinn Guðjónsson (31.1.1910-31.1.1983) yrði formaður, en hann lést sem sagt áður en af því yrði.

Á opnu húsi 27. febrúar 1983 var kosin stjórn, skipuð Öldu Andrésdóttur formanni, Gunnari Magnússyni varaformanni, Laufeyju Valdimarsdóttur ritara, Jóhanni Þorvaldssyni gjaldkera og meðstjórnendunum Brynhildi Baldvinsdóttur, Guðrúnu Brynjólfsdóttur og Jóni Guðmundssyni. Er þessi dagur talinn stofndagur félagsins. Fyrsti bókaði stjórnarfundurinn var haldinn 17. mars í Litlu listamannastofunni að Dynskógum 5. Var félaginu þá gefið það nafn sem það ber enn, **Félag eldri borgara í Hveragerði**.

Laufey Valdimarsdóttir hefur tekið saman punkta um félagsstarfið fyrstu árin, sem ég leyfi mér að taka hér inn nokkuð stytta:

„Fyrsta ferð hins nýstofnaða félags var á Kjarvalsstaði til að skoða sýningu á íslenskum kirkjulistmunum. Ferðin var farin 26. mars. (Innskot JG: Hreppsnefndin samþykkti 22. mars að greiða fargjaldið.)

Á þessum árum stóð félagið í eilífu basli með húsnæði fyrir félagsstarfið. Fyrst var verið í safnaðarheimilinu en þar voru takmarkaðir dagar vegna

annarrar notkunar svo fengin var aðstaða í félagsheimilinu Bergþóru, síðan gamla skólanum, sal Verkalyðsfélgsins og lengst í Hótel Ljósbrá. Eini fasti punkturinn var koffortið góða sem Brynhildur Jónsdóttir gaf til að geyma í dýrmætustu hluti félagsins, var það læst með hengilás og borið milli húsa. Oftast var koffortið geymt hjá ritara yfir sumarmánuðina. Enginn veit nú hvað varð um þetta fína koffort.

Allt starf var unnið kauplaust fyrstu árin, leiðbeindu Laufey Valdimarsdóttir og Anna Sveinbjörnsdóttir í fönðrinu en seinna voru fengnir leiðbeinendur sem fengu greitt fyrir vinnu sína, lengst var Sigurbjörg Ólafsdóttir leiðbeinandi.

Í upphafi voru eingöngu skemmtisamkomur einu sinni í mánuði. Síðan byrjað með fönður, farið í leikhús, bíó og ferðalög. Eldra fólkið sem bjó herna megin í Ölfusinu gekk í félagið, einn af þeim var Þorlákur á Þurá, hann var félagslyndur og naut þess að koma á samkomurnar og í ferðalögin.

1983 var farið í fyrsta ferðalagið en það átti að vera heimsókn að Ásum í Skaftártungu. Þá var þar Hanna María Pétursdóttir nýtekin við starfi sóknarprests (hún var dóttir Öldu formanns). Ekki fór þetta eftir áætlun því sandurinn var ófær og varð að snúa frá í Vík. Seinna tók Hanna María rausnarlega á móti okkur eldri borgurum á Hálsi í Fnjóskadal eftir langan dag yfir Sprengisand í sudda og þoku. Samt var hópurinn vel hress því allir fengu smá hressingu af sérrý í Kiðagili sem einn ferðafélgi veitti af rausnarskap (Hafsteinn). Margar fleiri eftirminnilegar ferðir hafa verið farnar, enda alltaf ein löng leið á hverju sumri, 3-4 daga og 1-2 dagsferðir fyrir utan leikhúsferðir og aðrar uppákomur.

Lionsklúbbur Hveragerðis bauð á hverju ári til skemmtunar. Þeir buðu Félagi eldri borgara og heimilisfólki í Ási og skemmtanirnar voru fyrstu árin haldnar Hótel Ljósbrá. Þeir voru með skemmtiatriði og/eða bingó og síðan endaði samkoman á dansleik.

Allar aðstæður breyttust mjög við hina höfðinglegu gjöf Þorláks á Þurá en hann arfleiddi félagið að öllum sínum eigum og þá var þetta fína húsnæði keypt svo nú þarf ekki lengur að hlaupa með koffortið milli húsa.“

Af fundargerðabókum má ráða að stjórnin hafi fyrstu árin endurnýjað sig sjálf eftir þörfum og bókað breytingar á stjórnarfundum. Fyrsti bókaði aðalfundurinn var haldinn 2. febrúar 1991, en upp frá því reglulega ár hvert.

Miðað við fundargerðabækur hafa nokkrir félagar unnið ótrúlega fórnfúst starf (og sjálfsagt ekki alltaf þakklátt) í mjög langan tíma. Laufey Valdimarsdóttir var í 19 ár ritari og eitt ár í varastjórn. Alda Andrésdóttir var formaður í 18 ár. Auður Guðbrandsdóttir, Guðrún Brynjólfsdóttir og Jón Guðmundsson sátu í stjórn í 11 ár hvert. Egill Gústafsson hefur setið í 10 ár og sér ekki fyrir endann á. Sjálfsagt hafa ýmsir fleiri innt af hendi verðmæta þjónustu við félagið þó ekki hafi komist á bækur. Ber þeim öllum, nefndum sem ónefndum, þökk fyrir að halda merkjum félagsins svo hátt á lofti sem raun ber vitni í þrjátíu ár.

Þessi samantekt er gerð í tilefni af 30 ára afmæli félagsins 2013.